



## Vefsíðunefnd Rótarýumdæmisins á Íslandi Skýrsla fyrir starfsárið 2011 – 2012

### Nefndina skipa:

**Ólafur Ólafsson**, Rótarýklúbbum Reykjavík Grafarvogur, formaður,  
**Guðni Gíslason**, Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar,  
**Paul Richardson**, Rótarýklúbbi Reykjavík International.

Rótarýumdæmið tók í notkun nýjan samskiptavef árið 2008. Vefurinn byggir á öflugu félagakerfi, gagnagrunni og samtengdri heimasíðu umdæmisins og rótarýklúbba. Vefurinn er þriðja kynslóð umdæmisvefsins. Hefur félagakerfið gjörbylt skráningu funda, fundarboðun og tryggt að allar upplýsingar um félagana eru í einum tryggum gagnagrunni. Allir klúbbarnir fengu heimasíðu þar sem sjálfkrafa birtist félagatal og dagskrá framundan – sem skráð hefur verið í félagakerfið.

### Meginverkefni 2011-2012

#### Endurbætur og þróun:

- Meginverkefni vefsíðunefndar á starfsárinu 2012-2012 var þróun félagakerfisins til að ná fram bættum eiginleikum og virkni kerfisins.
- Virkni kerfishluta voru endurbætt. Má þar m.a. nefna; endurbætur á mætingarskráningu til að gera hana hraðvirkari.
- Hnappar fyrir að senda, Facebook, prenta og Twitter, G+ voru settir við fréttir og greinar.
- Frá og með 1. júlí 2012 tók gildi ný starfsgreinaskrá Rótarýumdæmisins á Íslandi og um leið féll sú gamla úr gildi. Er nýja skráin byggð á á ISAT 2008 atvinnugreinaflokkuninn. Talsverð vinna var við söfun upplýsinga hjá klúbbunum og endurforritun á eldri kerfiseiningu vegna breytinganna. Enn eiga nokkrir klúbbar eftir að skrá starfgreinar hjá sínum félögum.
- Lokið var við gerð kerfiseiningar, „fundarefnisbanka“ þar sem rótarýfélagar geta sótt hugmyndir að fyrirlestrum og fyrirlesurum. Kerfiseiningin flokkar og birtir í félakerfinu upplýsingarnar um fundarefni, fyrirlesara, stöðu fyrirlesara, dags. fundar og nafn klúbbsins sem hélt fundinn. Upplýsingarnar eru aðgengilegt fyrir alla innskráða rótarýfélaga. Klúbbstjórnir eru hvattar til að skrá inn upplýsingar í „fundarefnisbankann“ um leið og fundir eru skráðir eða þeir uppfærðir. Vefsíðunefnd hvetur klúbbana til að nýta sér fundarefnisbankann í starfi sínu.
- Á starfsárinu vann nefndin að gerð ensks vefhluta undir stjórn Paul Richardson. Ákveðnar sérsniðnar kerfiseiningar voru þýddar og forritaðar. Stuttur texti á ensku verður í framhaldinu skrifaður fyrir hvern klúbb. Verður það gert í samráði við klúbbana.

Vinna við endurbætur og þróun kerfisins á starfsárinu hefur tekið umtalsverðan tíma bæði fyrir vefnefndina og hugbúnaðarframleiðandann. Til viðbótar þessu á heimasíðunni og í félagakerfinu heldur vefnefndin utan um póstkerfi umdæmisins sem keyrt er undir Google Apps og hefur reynst vel. Allir klúbbar hafa netfang sem hægt er að senda í og einn klúbbur er með netfang sem hann stýrir og getur einnig sent frá því. Klúbbanetföng vísa á netföng forseta og ritara hverju sinni.

Vefsíðunefnd vill benda rótarýfélögum á að félagakerfi umdæmisins á [www.rotary.is](http://www.rotary.is) og þar með heimasíður klúbbanna er mjög sterkt samskiptatæki, mál gagn og fréttamiðill og getur verið með til að gera klúbbastarfið meira lifandi og opið.

Leiðbeiningar og ýmsan fróðleik má finna á [www.rotary.is/rotaryklubbar/thjonusta/](http://www.rotary.is/rotaryklubbar/thjonusta/)



### **Námskeið og þjónusta:**

Vefnefndin hefur verið boðin og búin að veita aðstoð og leiðbeiningar. Klúbbar og einstaklingar hafa nýtt sér að fá sérnámskeið auk þess sem fjölmörgum hefur verið veitt leiðsögn í gegnum síma eða í tölvupósti.

Áhersla hefur verið lögð á að klúbbar tryggi að myndir af félögum séu sendar inn í félagakerfið en Guðni hefur séð um að setja þær í réttar stærðir og hlutföll og koma þeim á vefinn. Þó viðbrögð hafi verið góð eru enn þó nokkuð margir sem fá eitt stórt spurningarmerki við nafn sitt í stað fallegrar myndar. Þar má enn bæta.

Ýmsar leiðbeiningar hafa verið sendar út, leiðbeiningar fyrir félagakerfið var mikið endurbætt og má nálgast á <http://www.rotary.is/rotaryklubbar/thjonusta/felagakerfid-leidbeiningar/>

Verðandi forsetar og ritara hafa fengið hvatningu og ábendingar um það hvað gera þurfi við stjórnarskipti auk þess sem unnið hefur verið með ritnefnd umdæmisins við að hvetja klúbba til að skrifa inn á heimasíður sínar.

Þann 17. mars 2012 var haldið PETS mót í Kópavogi fyrir viðtakandi forseta og ritara klúbbanna. Þar veitti Guðni Gíslason fræðslu um notkun félagakerfisins og fór í gegnum nýjar leiðbeiningar fyrir vefinn sem hann hefur samið. Guðni hefur á starfsárinu svarað fjölmörgum fyrirspurnum og veitt rötaryfélögum ómetanlega aðstoð.

### **Minningar- og heillaóskakort**

Á heimasíðu umdæmisins er kerfiseining er skráir og tekur á móti pöntunum minningar- og heillaóskaskeyta. Skrifstofa umdæmisins sér um að útbúa kortið og senda til viðtakanda. Tekjur af sölu skeytanna rennur í Rötarysjóðinn. Tengill á pöntunarsíðu er á forsiðu [www.rotary.is](http://www.rotary.is)

## **Framundan**

### **Endurbætur:**

Meðal næstu verkefna er:

- Fagleg rýni á vefnum til að uppfæra upplýsingar og sjá hvar betur megi gera
- Lagfæringar á aðgerðinni að aftengja féлага úr klúbba og tryggt að félagar verði ekki óvart felldir út.
- Tenging nýs féлага við klúbba verður gerð einfaldari
- Vinna við að gera einfalt að kalla út úr kerfinu ýmsar upplýsingar, aldursdreifingu, fjölda féлага og fl.
- Ljúka vinnu við uppsetningu enska vefhlutans.

### **Þakkir**

Öllum þeim notendum kerfisins sem hafa sent inn ábendingar er þökkuð aðstoðin og vefsíðunefnd þakkar rötaryfélögum þolinmæði á meðan þróunarvinna hefur staðið yfir.

Ritað í Reykjavík þann 5. september 2012.

*Ólafur Ólafsson formaður*